

Skýrsla stjórnar árið 2024

Árið byrjaði á því að fara yfir brennu málin með Valda.

Leiknefnd var svo með viðburð þann 11. febrúar og þar var leikritið *Æsir og þursar* sýnt og var það vel sótt. Ingi endurnýjaði svo starfsleyfið og gildir það til 2036.

Svo var öskudagsball haldið að vana. Krilli og Ingi settu upp nýjar led seríur í salinn. Guðjón Guðmunds mætti svo í Logaland með annað hljóðkerfi og varð enginn smá munur á hljóði í salnum eftir það. 13. mars var svo send áskorun á Borgarbyggð að opna sundlaugina á Kleppjárnsreykjum á ný.

Í byrjun apríl fengum við gefins glös frá Fosshóтели í Reykholti. 19. apríl var settur nýr og stærri kæli á efri hæðina. 1. maí kom Ingi með litla frystikistu frá Hnoðrabóli fyrir ungmennafélagið og hefur hún notið mikilla vinsælda.

Niðurgreiðsla fasteignagjalda gekk svo smurt fyrir sig eins og vant hefur verið. Tiltektardagur var svo í Logalandi og fengum við góða hjálp félagsmanna við þrif og tiltekt. Vatnsleki byrjaði svo niður í kjallara 30. maí. Þá var gott að eiga góða að, þeir Guðmundur á Grímsstöðum og Stjáni vinur redduðu þessu á skot stundu þökkum þeim mikið og vel fyrir.

15. júní gaf þáverandi forsætisráðherra Bjarni Benediktsson félaginu nokkra kassa af möffins kökum í tilefni af 150 ára afmæli lýðveldisins og þær voru borðaðar með bestu lyst á 17. júní. Hátíðarhöld í Logalandi og kirkjureið voru einnig 17. júní og Valdi allra besti fékk riddarakross á Bessastöðum.

Fínasta útleiga var á húsinu yfir sumarið og einnig nokkrir dagar yfir veturinn. 19. júní settu Helga og Krilli krútt upp gardínur á efri hæðina. 30. júní þurfti að vakta á bak við húsið vegna þess að leigjendur hentu heitum kolum í sinu rétt við lækinn og munaði litlu að stórtjón hefði orðið.

22. júlí byrjaði ofn undir glugga inni sal að leka og var því reddað af Stjána vin. 14. okt var ákveðið að hafa kótilettukvöld sem varð svo í staðinn fyrir gleðifund þar sem það var of seint í rassinn gripið fyrir þau að redda því fyrir horn.

24. okt fóru Krilli og Ingi uppá þak á Logalandi og athuguðu ástandið á þakinu yfir salnum og verður skipt um það vorið 2025. Og seinna þann dag varð þak fundur í Brekkukoti með Valda.

Stjórn Umf. Reykdæla

Ingi Þór Magnússon formaður

Helga Jónsdóttir varaformaður

Margrét Sæunn Pétursdóttir ritari

Kristleifur Jónsson meðstjórnandi

Ársskýrsla íþróttanefndar Ungmennafélags Reykdæla 2024

Ársskýrsla þessi hefst í júní 2024 (sjá fyrri hluta 2024 í fyrri skýrslu). Boðið var uppá sundnámskeið fyrir fjögurra til fimm ára börn í júnílok í samstarfi við Ingibjörgu Ingu Guðmundsdóttur. Námskeiðið var vel sótt og var hópum tvískipt. Samtals skráðu 24 börn sig á námskeiðið. Mikil ánægja var með námskeiðið venju samkvæmt. Félagið hyggst bjóða uppá samskonar námskeið í júní 2025.

Haustið 2024 bauð félagið uppá fjölbreytta íþróttadagskrá. Fimleikar voru í boði í samstarfi við fimleikafélag ÍA fyrir aldurinn 4 – 10 ára. Námskeiðin hafa verið afar vel sótt og í sumum tilfellum fullsetin þar sem salurinn heimilar ekki fleiri en 18 iðkendur í hóp. Hópum hefur verið þrískipt eftir aldri og voru skráningar samtals 44. Við erum þakklát fimleikadeild ÍA fyrir samstarfið sem og þeim þjálfurum sem við fengum. Þeir hafa staðið sig afar vel. Því miður var ekki hægt að halda úti fimleikastarfi eftir áramót vegna manneklu hjá fimleikadeild ÍA.

Guðjón Guðmundsson stendur sterkur fyrir sínu að vanda og þjálfar sund í tveimur hópum, 1.-4. bekk og 5.-10. bekk. Sundið hefur verið vel sótt í ár með 25 skráða iðkendur. Guðjón hélt vinamót í sundi í maí 2024 að Kleppjárnsreykjum þar sem sunddeild Grundarfjarðar o.fl. einstaklingar tóku þátt ásamt okkar iðkendum. Íþróttanefnd UMFR keypti og grillaði pylsur og bauð upp á safa fyrir keppendur að móti loknu. Þá hefur Guðjón stýrt körfuknattleiksæfingum fyrir 7.-10. bekk sem hefur verið vel sótt með 13 skráða iðkendur. Guðjón hefur tekið þátt í Íslandsmótinu með 8. flokk í vetur auk fleiri hraðmóta. Jón Björn Blöndal hefur stýrt körfuknattleiksæfingum fyrir 1.-4. bekk í eftir áramót með 12 skráða iðkendur. Hugmyndin var að bjóða upp á æfingu fyrir 1.-3. bekk og 4.-6. bekk en þar sem enginn í 5. og 6. bekk skráði sig á æfingu var því sjálfhætt og æfingar sameinaðar. Guðmundur Freyr Kristbergsson hefur þjálfað badminton fyrir 1.-5. bekk á árinu með tælu skráða iðkendur. Þá var boðið uppá blak að vori 2024, Fjöltnir Jónsson stýrði æfingum með átta iðkendur. Fjöltnir gat ekki tekið að sér þjálfun að hausti 2024. Samtals eru því skráningar hjá UMFR 136 árið 2024, að því gefnu að forritið Abler haldi rétt utan um skráningar. Félagið þakkar þjálfurum okkar sérstaklega fyrir frábært starf. Án þeirra væri starfið ekkert.

Félagið mun standa fyrir kjöri á íþróttamanni ársins árið 2024 þann 9. mars næstkomandi. Á þessu hófi verður venju samkvæmt veitt verðlaun fyrir efstu þrjú sætin í kjöri á íþróttamanneskju ársins auk þess sem við veitum verðlaun fyrir mestar framfarir í öllum okkar greinum að undanskildu badmintoni þar sem æfingar hófust um áramót. Þjálfarar tilnefna iðkendur sem stjórn síðan samþykkir. UMFR tilnefndi Helga Guðjónsson sem íþróttamanneskju Borgarfjarðar. Helgi er leikmaður Víkings Reykjavík. Helgi varð markahæsti leikamaður liðsins en liðið endaði í 2. sæti í deild og bikar auk þess sem það náði undraverðum árangri í evrópudeildinni þar sem liðið féll naumlega úr leik í 16 liða úrslitum fyrir gríska liðinu Panathinaikos. Helgi endaði þriðji í kjörinu.

Rekstur íþróttadeildar hefur gengið vel en við höfum hækkað laun þjálfara hægt og rólega síðustu tvö ár og æfingagjöld lítilla einnig. Markmiðið er að rekstur standi undir sér og sjóður myndist til að greiða fyrir verðlaunagripi og létta á greiðslum sem myndast af mótahaldi og þátttöku á mótum. Félagið fékk 300 þúsund króna styrk frá Rannís til að bæta aðstöðu til fimleikaiðkunar í febrúar 2024. Sá styrkur verður nýttir með haustinu af því gefnu að fimleikaæfingar hefjist að nýju, sem stefnt er að.

F.h. íþróttanefndar UMFR

Helgi Eyleifur Þorvaldsson, formaður

Ungmennafélag Reykdæla

Ársreikningur

2024

Ungmennafélag Reykdæla
Björk
320 Reykholt
kt. 660269-6309

Skýrsla uppgjörsaðil

Til stjórnar Ungmennafélags Reykdæla

Ég hef aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Ungmennafélag Reykdæla fyrir árið 2024

Upplýsingar í ársreikningi þessum eru á ábyrgð stjórnar félagsins

Ég hef ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans.

Reykholt 23. mars 2025

Berglind Ragnarsdóttir

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Ungmennafélags Reykdæla er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Hagnaður Ungmennafélags Reykdæla á árinu 2024 nam kr. 2.756.110. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 46.459.536, bókfært eigið fé í árslok er kr. 46.459.536.

Það er álit stjórnar og rekstarstjóra Ungmennafélags Reykdæla að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn Ungmennafélags Reykdæla staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Reykholt, 23. mars 2025

Rekstrarreikningur ársins 2024

	2024	2023
Rekstrartekjur		
Styrkir og Lottó	2.185.013	2.435.658
Félags- og æfingargjöld	3.851.561	2.133.083
Tekjur Logaland	4.709.153	3.043.952
Rekstrartekjur alls	10.745.727	7.612.693
Verktakagreiðslur þjálfara	3.929.978	2.406.320
Gjöld Logaland	3.851.513	2.559.011
Kostnaður v/mótahalds og fræðslu	446.235	508.887
Rekstrargjöld alls	8.227.726	5.474.218
Rekstrarhagnaður	2.518.001	2.138.475
Fjármunatekjur	238.109	93.377
Fjármagnsgjöld	0	0
Hagnaður ársins	2.756.110	2.231.852

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	31.12.2024	31.12.2023
Fastafjármunir		
Fasteign Logaland	27.538.057	27.538.057
Fasteign Sundlaug	563.049	563.049
Fasteign Heitavatnshver	1.188.631	1.188.631
Fasteign Ræktun	12.843	12.843
Áhöld og tæki félagsheimilis	9.965.806	9.965.806
	<u>39.268.386</u>	<u>39.268.386</u>
Veltufjármunir		
Viðskiptakröfur - Lottó og húsaleiga	123.004	190.057
Handbært fé	7.068.146	4.410.778
	<u>7.191.150</u>	<u>4.600.835</u>
Eignir	<u>46.459.536</u>	<u>43.869.221</u>
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Óráðstafað eigið fé	46.459.536	43.703.426
Eigið fé	<u>46.459.536</u>	<u>43.703.426</u>
Skammtímaskuldir		
Aðrar skammtímaskuldir	0	165.795
	<u>0</u>	<u>165.795</u>
Skuldir	<u>0</u>	<u>165.795</u>
Eigið fé og skuldir	<u>46.459.536</u>	<u>43.869.221</u>

Sundurliðanir

	2024	2023
Styrkir og lottó		
Lottó	569.129	280.644
Getraunir og styrkir ÍSÍ	9.269	12.081
Styrkir Borgarbyggð	336.000	403.300
Styrkir UMSB	1.220.615	1.439.633
Aðrir styrkir	50.000	300.000
	<u>2.185.013</u>	<u>2.435.658</u>
Félags- og æfingargjöld		
Félagsgjöld	568.250	601.847
Æfingagjöld	3.283.311	1.531.236
Tekjur	<u>3.851.561</u>	<u>2.133.083</u>
Fimleikafélag Akranes	1.440.000	600.000
Verktakagreiðslur þjálfara	2.489.978	1.806.320
Gjöld	<u>3.929.978</u>	<u>2.406.320</u>
Afkoma félags- og æfingagjalda	<u>(78.417)</u>	<u>(273.237)</u>
Rekstur Logalands		
Húsaleiga	3.188.392	1.692.938
Sjoppa tekjur viðburða	1.520.761	1.351.014
Tekjur	<u>4.709.153</u>	<u>3.043.952</u>
Sjoppa gjöld viðburða	752.702	618.719
Tryggingar	912.393	846.444
Rafmagn og hiti	395.968	304.158
Viðhald	429.594	102.385
Fasteignagjöld	(34.392)	(58.269)
Annar rekstarkostnaður	978.680	595.574
Ársreikningur og bókhald	248.000	150.000
Sími	168.568	0
Gjöld	<u>3.851.513</u>	<u>2.559.011</u>
Kostnaður v/mótahalds og leiklistar		
Kostnaður v. Leiklistar	49.000	47.000
Þátttaka í mótum og búningar	321.475	373.000
Verðlaunapeningar	75.760	88.887
	<u>446.235</u>	<u>508.887</u>